

**Nd.**

### **61. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Í stað orðanna „2 krónum“ í 14. gr. téðra laga komi: 1 krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til gjalds sýslu- og bæjarfélaga fyrir árið 1935.

#### **Greinargerð.**

Frv. samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en dagaði uppi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 43 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, var svo ákveðið í 14. gr., um kostnaðinn við berklaveika á sjúkrahúsum landsins, að héruðin greiddu hann allt að  $\frac{2}{3}$ , en ríkið aðeins  $\frac{1}{3}$  hlutum. Með lögum nr. 44 20. júní 1923 var bætt við þessa grein því ákvæði, að ef útgjöld sýslu- eða bæjarfélags til þessa yrðu á einhverju ári meiri en 2 kr. á hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, skyldi rikissjóður endurgreiða mismuninn. Loks var með lögum nr. 42 31. maí 1927 gerð sú gagnbreyting á þessu fyrirkomulagi, að allur berklakostnaður skyldi greiddur úr rikissjóði, en hvert sýslu- eða bæjarfélag greiddi

þó upp í þann kostnað gjald til rikissjóðs, er „nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu“, eins og það er orðað, — en ef það gjald færi fram úr  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við sjúklinga hlutaðeigandi héraðs, skyldi endurgreitt úr rikissjóði það, er umfram var, ákvæði, sem aftur var kippt burtu með l. nr. 46 23. júní 1932, svo að nú standa héruðin með gjaldið eitt, án nokkurrar vonar um nokkra endurgreiðslu. — Þannig eru þá að þessu leyti orðin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna, sem í heild sinni teljast nú vera frá 1929.

Þetta afdráttarlausa gjald, upphæð tvöföld við íbúatöluna, hefir orðið héruðunum næsta þungbært, enda er það, að segja má, hæsti fastagjaldaliðurinn hjá öllum sýslufélögum landsins, og skiptir mörgum þús. kr. á ári hjá meðalstórum sýslum. Með dýrtíð og þar af leiðandi sveitarþyngslum verður brátt ekki undir þessu gjaldi risið, því að, eins og kunnugt er, verða hrepparnir að standa ast allan kostnað sýslufélags hvers, og er ekki um neina tekjustofna þar að ræða aðra en þennan eina: að leggja á mannfólkið „eftir efnum og ástæðum“, sem með hækkandi gjöldum til rikissjóðs á alla vegu verður allsendis ófullnægjandi tekjuöflunarleið; sumir hreppar eru alveg að gefast upp og verða gjaldþrota.

Nú er ekki líklegt, að sveitar- eða sýslufélagunum verði í bráð séð fyrir nýjun tekjustofnum, og hinsvegar má áfram gera ráð fyrir, að byrðar þeirra aukist á ýmsa lund, svo að til einhvers ráðs þarf að grípa. Í sjálfu sér voru það frá byrjun ólög, að demba berklakostnaðinum á þennan hátt á héruðin, og ætti því helzt að fella gjaldið allt burtu. En flm. þessa frv. hafa þó eftir atvikum eigi talið rétt að fara þá leið um sinn, heldur „meðalveginn“, að lækka gjaldið um helming (úr 2 kr. í 1 kr.), og má það a. m. k. sanngjarnt þykja.“